



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. febrúar 2016.

Efni: Umsögn um drög að breytingum á byggingarreglugerð

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins standa sameiginlega að umsögn þessari og fagna þeim tillögum sem liggja fyrir, enda eru flestar þeirra í anda tillagna okkar. Við gerum samt athugasemdir við einstaka greinar auk þess sem ýmis atriði vantar, að okkar mati, í drögin og verður farið nánar í það hér að neðan.

Í umsögninni er fyrst fjallað um einstakar greinar sem SI og SA leggja áherslu á að lagfærðar verði, síðan listum við upp atriði sem við teljum ástæðu til að skoða með jákvæðum huga og færa til betri vegar í byggingarreglugerðinni.

Athugasemdir við einstakar greinar reglugerðardraganna

Grein 2.3.5:

Lögð er til breyting á a. lið ákvæðisins og telja umsagnaraðilar æskilegt að bætt verði í greinina að eiganda sé skylt að skila inn reyndarteikningum, árituðum af viðkomandi hönnuði og þeim iðnmeisturum sem framkvæmdu verkið.

Einnig finnst umsagnaraðilum ástæða til að skoða þætti varðandi smáhýsi sem fjallað er um í g-lið ákvæðisins. Þar er hámarkshæð hærrí en lagt er til að verði heimilt í „Lítill hús á lóð“, sbr. i-liður ákvæðisins. Teljum við það sérkennilegt enda óeðlilegt að geymslurými sé hærra en rými sem ætluð eru til íveru.

Einnig er lagt til að heimilt verði að vera með vatnslagnir, raflagnir og hitun í smáhýsum en engar skýringar liggja því til grundvallar. Gerum við því athugasemdir við þennan lið og óskum eftir útskýringum á þessari breytingu.

Grein 4.10.3 – 4.10.9:

Með umræddum ákvæðum er lagt til að felld verði út ákvæði um ábyrgðarsvið iðnmeistara og í skýringum við þá breytingu er lagt til að slík ákvæði verði sett í leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar. Ekki er gert ráð fyrir því í breytingartillögunni að krafa um gerð slíkra leiðbeininga sé sett inn í sjálfa reglugerðina. Telja umsagnaraðilar að það sé mikilvægt og leggja því til að í stað þess að fella niður þessar greinar þá hljóði grein 4.10.3 þannig: Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um „ábyrgðasvið iðnmeistara.“

Í ljósi þess að umfjöllun um ábyrgðarsvið iðnmeistara verður tekin út úr byggingareglugerðinni er enn mikilvægara að þau ráðuneyti sem mannvirkjagerð og iðnaðarlöggjöfin heyra undir tali saman þegar eða ef til þess kemur að Iðnaðarlögum verði breytt.



Grein 6.4.2:

Í greininni er verið að breyta orðalagi í 2. mgr. ákvæðisins úr „breidd hurðarblaða“ í „hindrunarlaus umferðarbreidd.“ Ekki kemur fram fram í rökstuðningi að hindrunarlaus umferðarbreidd inngangsdýra skuli vera minnst 87 cm sem þýðir að hurðarblað fer úr að verða 90 cm í 100 cm. Þvert á móti er gert ráð fyrir því í rökstuðningi að kröfur til inngangsdýra verði breytt til samræmis við kröfur annarra dýra. Kröfur til annarra dýra eru 83 cm hindrunarlaus umferðarbreidd.

Þessi breyting á ákvæðinu er því bæði í ósamræmi við rökstuðning ákvæðisins sem og þá miklu vinnu sem fram fór í aðdraganda síðustu breytinga á byggingareglugerðinni, í mars 2014. Þar var lagt til að viðmiðið ætti að vera „hindrunarlaus umferðarbreidd 83 cm“, sem er í samræmi við kröfur annarra norðurlanda.

Lagt er til að krafan verði annaðhvort 83 cm eða „breidd hurðarblaða 90 cm“ eins og er í núgildandi reglugerð.

Grein 6.7.7:

Hér er lagt til að sett verði inn sérákvæði um svokölluð húsnæðissamvinnufélög og leigufélög þar sem ekki er gerð krafa um algilda hönnun allra íbúða. Að mati umsagnaraðila á þessi grein ekki bara að fjalla um húsnæðissamvinnufélög og leigufélög heldur að vera almenns eðlis, þar sem heimilt er að byggja fasteignir í öðrum eignarformum, sem gæti nýst bæði í leigu og séreign. Leggjum við til að í stað þess að sérsníða lausn fyrir tilteknar tegundir mannvirkja eða eignarform þeirra verði tekin upp flokkun mannvirkja, A-B-C, þar sem þessi krafa væri t.d. flokkur C, eða jafnvel D.

Til vara er lagt til að sveitarfélög hafi heimild í „deiliskipulagi sínu“ að heimila byggingu mannvirkis „fyrir alla“ á grunni þessa ákvæðis.

Grein 6.12.8:

Í lokamálslið greinarinnar, þar sem vísað er til greinar 6.2.3, er gert ráð fyrir að sorpgerði og sorpskýli skuli ekki vera niðurgráfin. Engin rökstuðningur er fyrir þessari breytingu og óljóst hvaða markmiðum hún á að þjóna, sér í lagi ef allt aðgengi að sorpskýlum og – gerðum er tryggt.

Grein 8.5.2:

Umsagnaraðilar leggja áherslu á að skortur er á leiðbeiningu um hvaða kröfur eru gerðar til glers í t.d. gólfsíðum svalahurðum. Því miður eru flestir glerframleiðendur að túlka reglugerðina þannig að í allar slíkar hurðir skuli setja „öryggisgler.“ Þó er skýrt í grein. 12.4.3 að þetta eigi bara við ef fallhæð er yfir 2,0m. Við óskum því eftir að Mannvirkjastofnun taki allan vafa af um þetta atriði og setji í leiðbeiningablöð.

Að lokum sakna umsagnaraðilar þess að ekki skuli vera litið til eftirfarandi atriða í þeim breytingartillögum sem eru nú til umsagnar:

Hljóðvistarkafliinn:

Umræddur kafli er enn í vissri óvissu enda hefur hann ekki verið sendur til umsagnar og vitum við því ekki hvernig hann mun líta út.

Kostnaður vegna hönnunargagna:

Við höfum ítrekað bent á þann kostnaðarauka sem felst í núverandi reglum um skil á hönnunargögnum. Æskilegt er að unnt sé að senda hönnunargögn til byggingafulltrúa með rafænum hætti með rafrænum undirskriftum.. Skv. núgildandi reglum er það í höndum byggingarleyfisgjafa að ákveða hvort þetta sé heimilt.



Við teljum mikilvægt að rýmka þessa heimild, þó þannig að hönnuðir skili tveimur eintökum, útprentuðum áður en byggingarleyfi er gefið út.

Svalarhurðir:

Við teljum að enn skorti á heimildir til hærri þröskulda við svalahurðir. Það er til að mynda ekki mögulegt, á grundvelli núgildandi reglna, að steypa svalakarma í mótum.

Algild hönnun:

Við teljum að of miklar kröfur séu gerðar til algildrar hönnunar í atvinnuhúsnæði, svo sem í virkjunum, á stórum og hættulegum vinnustöðum, atvinnueldhúsum, vinnubúðum o.fl.

Lyftur:

Í 5. tl. greinar 6.4.12. í byggingareglugerð er veitt undanþága frá kröfu um lyftu í þriggja hæða íbúðarhúsi en þó með því þrönga skilyrði að um sé að ræða nýbyggingu, í þegar byggðu hverfi á lítilli lóð. Mikilvægt er að útvíkka umrædda heimild enda getur hlutfallskostnaður lyftu í slíku húsnæði, óháð lóðarstæð, verið mjög hár.

Undanþágur frá lágmarkskröfum:

Vantar að gefa ráðherra heimild til að veita undanþágu frá lágmarkskröfum byggingarreglugerðar, t.d. í þeim tilvikum þegar sveitarfélög, sér í lagi á landsbyggðinni, vilja og þurfa að leyfa byggingu enn ódýrari íbúða eða byggingu einhvers konar tilraunahúss.

Ábyrgð aðalhönnuðar:

Í 4. mgr. greinar 4.1.3 kemur fram sú regla að ef hönnunarstjóri lætur þess ekki getið í greinargerð hvaða hönnuðir einstakra verkþátta ber ábyrgð færast ábyrgðin yfir á aðalhönnuð. Er þetta bæði óæskileg og sérkennileg regla í ljósi þess að hönnunarstjóri er oft á tíðum annar en aðalhönnuður og hefur því ekki vitneskju um það hvaða hönnuðir skrifi sig á verkið. Ber hann þá ábyrgð á verkþáttum án vitneskju um slíkt.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Pétur Reimarsson

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Björg Ásta Þórðardóttir